

AUGLÝSING

um breytingu nr. 3 á Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.

Frá og með 1. júní 1964 hækkar um 10% útsöluverð allra lyfja í Lyfjaverðskrá I frá 1. marz 1963.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 22. maí 1964.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

Nr. 93.

14. maí.

REGLUGERÐ

um skoðunargjald bifreiða og bifhjóla.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls ber eiganda að greiða 140 króna árlegt gjald til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skrásett. Gjald þetta greiðist fyrir fram í sama gjalddaga og miðast við sama gjaldár og bifreiðaskatturinn.

Lækka skal eða endurgreiða skoðunargjald, ef bifreið eða bifhjól er aðeins skrásett hluta úr gjaldárinu, þannig að það verði 35 krónur fyrir hvern ársfjórðung eða hluta úr ársfjórðungi. Krafa um endurgreiðslu skal borin fram fyrir 1. október næsta gjaldár, ella fellur endurgreiðsluréttur niður.

2. gr.

Við gildistöku reglugerðar þessarar skulu þeir, sem greitt hafa skoðunargjald fyrir gjaldárið 1963, eiga rétt á að fá það dregið frá skoðunargjaldi, sem þeim ber að greiða fyrir gjaldárið 1964 eða fá það endurgreitt, enda sé þá skilað kvittun fyrir fyrri greiðslu. Kröfur um skuldajöfnuð eða endurgreiðslu skulu bornar fram fyrir 1. október 1964, ella fellur endurgreiðsluréttur niður.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 26 2. maí 1958, öðlast þegar gildi.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 187 21. október 1963, um skoðunargjald bifreiða.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. maí 1964.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.